


# *Reykjavík í mótun*

Stefnumótun í átt að sjálfbæru samfélagi í Reykjavík til 2015



Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 16. maí 2006



## Efnisyfirlit

<i>Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar 2015</i> .....	3
<i>Helstu stefnumið</i> .....	3
<i>Inngangur</i> .....	4
<i>Samgöngur</i> .....	5
Almenningssamgöngur .....	5
Göngu- og hjólastígar .....	6
Yfirtaka sveitarfélaga á þjóðvegum í þéttbýli .....	6
Umferðarmannvirki og bílastæði.....	7
Stýring umferðarflæðis.....	7
Miðbær .....	8
Umhverfisvænn ferðamáti.....	8
Samgöngur og mengun .....	9
Nagladekkjanotkun.....	9
<i>Umhverfi, lýðheilsa og velferð</i> .....	11
Útivist .....	11
Innivist .....	11
Velferð og félagsauður .....	12
Heilsuefling .....	12
<i>Gæði umhverfisins</i> .....	14
Umgengni .....	14
Jarðvegur .....	14
Loftgæði .....	15
Vatnsgæði.....	15
<i>Náttúruvernd og útivist</i> .....	16
<i>Neysla og úrgangur</i> .....	18
<i>Landnotkun og byggingar framtíðarinnar</i> .....	20
<i>Grænt bókhald og umhverfisstjórnun</i> .....	21
<i>Hverfið mitt – íbúalýðræði</i> .....	22
<i>Umhverfismennt</i> .....	23
<i>Niðurlag</i> .....	24



## Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar 2015

*Ásýnd og ímynd Reykjavíkur endurspegli skapandi hugsun íbúa hennar þar sem mannlíf og umhverfi er haft í fyrirrúmi og gott er að búa.*

### Helstu stefnumið

Eftirfarandi stefnumið eru lykilþættir í þeim málaflokkum sem stefnumótun Reykjavíkurborgar nær yfir. Í þessari skýrslu er fjallað nánar um hvern þessara liða og hvernig lagt er til að þeim verði fylgt eftir.

1. Í Reykjavík verði hægt að ferðast á auðveldan og öruggan hátt og án þess að menga umhverfið.
2. Starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af samþættingu umhverfis, heilbrigðis og velferð íbúa.
3. Reykjavík verði til fyrirmyndar á öllum sviðum sem tengjast gæðum umhverfisins.
4. Reykjavík standi vörð um náttúrusvæði í borginni og stuðli að góðu aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum.
5. Reykjavík verði til fyrirmyndar í því að draga úr myndun úrgangs og stuðla enn frekar að endurvinnslu og endurnýtingu sorps.
6. Skipulag og hönnun mannvirkja í Reykjavík endurspegli skapandi hugsun og virðingu fyrir íslenskum sérkennum og sögu.
7. Reykjavíkurborg og fyrirtæki í borginni verði fyrirmynd í notkun umhverfisstjórnunartækja í alþjóðlegum samanburði.
8. Borgarþúar verði virkir þátttakendur í umhverfismálum og mótun borgarinnar.
9. Reykjavíkurborg stuðli að fræðslu um umhverfismál á aðgengilegan hátt fyrir íbúana.



## Inngangur

Fyrsta útgáfa Staðardagskrár 21 (Sd21) fyrir Reykjavík var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur í febrúar 2001. Í fyrstu útgáfunni var þess getið að endurskoðun skyldi fara fram innan tveggja ára frá útgáfu hennar.

Hér gefur að líta 2. útgáfu af Staðardagkrá 21 fyrir Reykjavík undir heitinu „Reykjavík í mótun“. Stefnumótunin er í grunninn byggð á tveimur þáttum. *Í fyrsta lagi* er byggt á samráðsferli milli fjölmargra aðila innan og utan borgarkerfisins eins og gert er ráð fyrir í hugmyndafræði Staðardagskrár 21 um þátttöku íbúa og hagsmunaaðila. Þátttaka íbúa er einnig í anda stefnu Reykjavíkurborgar um aukið íbúalýðræði. Þessu samráðsferli var skipt í tvennt, annars vegar sérfræðingasamráð með hagsmunaaðilum og hins vegar borgarasamráð með íbúum Reykjavíkur. *Í öðru lagi* er stefnumótunin gerð með hliðsjón af svonefndum Álaborgarskuldbindingum. Hér á eftir verður nánar fjallað um þau *tvö sjónarhorn* sem stýrðu vinnunni við undirbúning undir þessa stefnumótun.

Eftirfarandi stefnumótun er byggð upp eftir hefðbundnu útliti slíkrar stefnumótunar. Fyrst kemur stefnumótun í hverjum málaflokki. Þá koma undirmálaflokkar með markmiðum og að lokum tíundaðar þær leiðir sem hægt er að fara til þess að framkvæma stefnumótunina. Tveir viðaukar eru við stefnumótunina. Í viðauka I er greint frá tillögum eða hugmyndum um aðgerðir og verkefni til þess að framkvæma markmiðin og leiðirnar sem fram koma í þessari stefnumótun. Í viðauka II má sjá ítarlegri útgáfu þessarar stefnumótunar þar sem nánar er farið í aðdraganda og vinnuferli stefnumótunarinnar ásamt nánari útskýringum á viðkomandi málaflokki.



## Samgöngur

### Stefna:

***Í Reykjavík verði hægt að ferðast á auðveldan og öruggan hátt og án þess að menga umhverfið.***

Síðustu ár hefur verið vaxandi umræða um samgöngur og samgöngumynstur í þjóðfélaginu. Bílum hefur fjölgað mikið og er nú svo komið að verulega er farið að gæta áhrifa fjölgunarinnar, t.d. vegna álags á umferðarmannvirki og aukinnar loftmengunar. Jafnframt hefur komið í ljós að afl og þyngd bifreiðaflokkans er að aukast en meðalakstur stendur svo til í stað. Þetta þýðir að Reykvíkingar kaupa stærri og öflugri bíla á sama tíma og þeim fjölga mikið. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá fólksbílum og strætisvögnum samanlagt hefur einnig aukist að sama skapi eða um tæp 15% milli árána 1999 og 2004.<sup>1</sup> Með umhverfisvænni ferðamáta má breyta þessu mynstri.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 6. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um samgöngumál.

### Almenningssamgöngur

Notkun á almenningssfarartækjum hefur verið mun minni héraendis en víða erlendis og má í því sambandi nefna að um 4% ferða höfuðborgarbúa er með strætisvögnum<sup>2</sup>. Árið 1970 voru farþegar með strætisvögnum rúmar 13 milljónir. Árið 2000 voru farþegar orðnir um 7,5 milljónir<sup>3</sup>. Ástæðan fyrir þessu er aukin bílaeign og útpensla og þynning byggðarinnar. Nýlega hefur leiðakerfi Strætó bs. verið breytt með það að markmiði að laða að stærri og breiðari hóp notenda.

#### Markmið:

Notkun almenningssvagna á höfuðborgarsvæðinu tvöfaldist á næstu 20 árum í kjölfar skilvirkari þjónustu Strætó bs.

#### Leiðir

- Fólki verði gert kleift að aka að jaðri miðborgarsvæðis, leggja ökutækjum þar og ferðast þaðan með almenningssvögnum.
- Strætó bs. verði hvatt til að nýta vistvænt eldsneyti í auknum mæli.
- Reykjavíkurborg kanni aðkomu ríkis að fjármögnun almenningssamgangna.
- Strætó bs. kanni möguleika á að breyta gjaldskrá sinni til lækkunar eða gera þjónustuna gjaldfrjálsa.

<sup>1</sup> Hjalti J. Guðmundsson (2005). Umhverfisvísar Reykjavíkur – samgöngur á landi og orkumál. Umhverfissvið UHR-11-2005-1.

<sup>2</sup> Skipulags- og byggingarsvið og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík 2000. Ferðamátakönnun fyrir höfuðborgarsvæðið.

<sup>3</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 – 2024. Almenningsamgöngur AR14.



## Göngu- og hjólastígar

Verulegt átak hefur verið gert í uppbyggingu göngu- og hjólastíga undanfarin ár. Þessir stígar eru fyrst og fremst hugsaðir sem frístundastígar en ekki samgönguleið t.d. fyrir hjólandi vegfarendur á leið til vinnu. Stígarnir eru mjög mikið notaðir og samkvæmt könnunum, sem gerðar hafa verið, má ætla að þúsundir fari um stígana á degi hverjum á sumrin.

### Markmið:

Göngu- og hjólastígar verði skilgreindir sem samgönguæðar og þeir hannaðir og þeim viðhaldið sem slíkum.

### Leiðir

- Hjólareinar verði settar meðfram öllum stofnbrautum.
- Gengið verði frá tengingum göngu- og hjólastíga milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst.
- Átak verði gert í talningu hjólreiðamanna í Reykjavík.
- Sett verði í gang athugun á því hvernig hægt sé að gera íbúðahverfi hjólreiðavænni, t.d. 30 km hverfin, með það að markmiði að auka öryggi hjólreiðamanna og gera hverfin greiðfærari fyrir þá.
- Bætt verði aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda við stofnbrautir milli norður- og suðurhluta borgarinnar.
- Leitað verði leiða til að hita upp valda hjóla- og göngustíga til þess að gera þá greiðfærari allt árið og koma í veg fyrir hálfu og ísingu á þeim. Þetta verði sérstaklega skoðað í nágrenni við bústaði eldri borgara, svo sem í Laugarnesinu og Laugardal.
- Viðhald gangstétta í Reykjavík verði bætt.
- Farið verði í athugun á því hvernig lýsingu gatna og göngustíga er háttað í Reykjavík með það í huga að minnka ljósmengun en jafnframt bæta lýsingu þar sem við á.

## Yfirtaka sveitarfélaga á þjóðvegum í þéttbýli

Ákveðið óhagræði er að því að bæði ríki og sveitarfélög vinni að gatnamálum í þéttbýli eins og á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnsýslan verður þyngri og ákvarðanir flóknari þegar tveir aðilar eða fleiri þurfa að komast að niðurstöðu um gatnaframkvæmdir. Þetta hefur valdið seinkun á nauðsynlegum framkvæmdum í gatnakerfinu.

### Markmið:

Gerð og umsjón þjóðvega í þéttbýli verði flutt frá ríki til sveitarfélaga.

### Leiðir

- Hafnar verði viðræður við ríkið um breytt fyrirkomulag vegna bygginga og viðhalds þjóðvega í þéttbýli með það að markmiði að einfalda stjórnsýslu og auka hraða ákvarðanatöku í samgöngumálum.



## Umferðarmannvirki og bílastæði

Samgöngumannvirki eru áberandi í landslagi Reykjavíkurborgar. Samkvæmt nýlegum rannsóknum er um helmingur borgarlandsins lagður undir slík mannvirki, þ.m.t. bílastæði.<sup>4</sup> Nauðsynlegt er að samgöngur séu greiðar um borgarlandið og að haldið sé uppi ákveðnu þjónustustigi og að umferðaröryggi sé tryggt.

### Markmið:

Samgöngumannvirki anni eftirspurn en jafnframt verði ferðamáta borgarbúa beint í annan farveg til þess að minnka fjárfestingaþörf, landnotkun og neikvæð umhverfisáhrif vegna stórra samgöngumannvirkja.

### Leiðir

- Allar framkvæmdir í samgöngumálum verði rýndar m.t.t. umferðaröryggis akandi, hjólandi og gangandi vegfarenda.
- Könnuð verði hagkvæmni þess að fækka umferðarljósum og setja hringtorg í staðinn.
- Leitað verði leiða til að byggja umferðarmannvirki í stokkum eða göngum til þess að nýta land betur fyrir byggingar og útivistarsvæði og auka þannig lífsgæði borgarbúa.
- Heildarskipulag samgöngumála og mannvirkja verði eflt.
- Hjólareinar verði í hönnunarstöðlum allra meginstofnbrauta.
- Umferðarþættir verði aðskildir þar sem þörf er á, t.d. með mislægum gatnamótum, og göngubrýr verði notaðar til þess að auka umferðaröryggi.
- Gjald verði sett á bílastæði við stórar opinberar stofnanir til að minnka bílastæðaþörfina.
- Kannaðir verði möguleikar á gerð gegnsærra „gönguhólka“ og hljóðmana til að skerma viðkvæm útivistarsvæði frá stofnbrautum, svo sem við sunnanvert Miklatún.

## Stýring umferðarflæðis

Undanfarin ár hefur hugtakið stýring umferðarflæðis (mobility management) orðið háværra í umræðunni um samgöngumál. Það felur í sér ýmsar lausnir á ferðamáta og upplýsingaöflun til notenda vegakerfisins. Ein af forvitnilegri lausnum, sem þessi aðferðafræði býður upp á, er að klæðskerasauma ferðamáta stórra vinnustaða.

### Markmið:

Gert verði áttak til þess að sérsníða ferðir starfsmanna stærri vinnustaða til og frá vinnu.

### Leiðir

- Könnuð verði hagkvæmni þess að samnýta bíla eins og gert hefur verið í vaxandi mæli erlendis, svo sem með samstarfi við fyrirtæki eða í hópastarfi.
- Stofnanir borgarinnar og fyrirtæki hvetji starfsmenn sína til að nota umhverfisvænan ferðamáta. Í framhaldi þess verði hætt greiðslu bílastyrkja til starfsmanna og þeim boðnir aðrir valkostir, svo sem hjóla- eða strætóstyrkir.

<sup>4</sup> Sjá t.d. Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar 2006. Samgöngur í Reykjavík I hluti. Greining á stöðu og stefnu. Verkfræðistofan Hönnun. 111 bls.



- Fyrirtæki og stofnanir verði hvött til að taka upp fleytitíð sem felur í sér sveiganlegan vinnutíma. Það gerir kleift að minnka álag á umferðarmannvirki á annatímum með dreifingu umferðar.

### Miðbær

Greiðar samgöngur og aðgengi fólks að miðbæ er nauðsyn til þess að efla miðbæinn. Í miðbæjum borga nágrannabjóðanna hefur umferð bíla í flestum tilfellum verið takmörkuð með lokunum eða hagrænum aðgerðum, svo sem gjaldtöku, en gangandi og hjólandi gert hærra undir höfði. Reynt er að byggja bílastæðahús á lykilstöðum í jaðri miðbæja, t.d. hjá stórum verslunarkjörnum. Gjald er tekið fyrir öll bílastæði og oftast en ekki eru þau í hærri kantinum til þess að takmarka bílanotkun á þessum svæðum.

#### Markmið:

Bílaumferð verði minnkuð á miðborgarsvæði en almenningssamgöngur ásamt umferð hjólandi og gangandi vegfarenda eflist á sama tíma.

#### Leiðir

- Bílastæðahús verði staðsett m.t.t. þjónustukjarna miðbæjarsvæðis.
- Almenningssamgöngur verði í miðbænum, t.d. með litlum vögnum, og tengist stórum bílastæðum í jaðri miðbæjar.
- Vagnar, sem aka um miðborgarsvæði, verði knúnir vistvænu eldsneyti, svo sem metani.
- Kannaðir verði möguleikar á því að leigja út hjól í miðbænum.
- Kannaðir verði möguleikar á göngugötum sem hvetja íbúa og gesti borgarinnar til útvistar og eflingar mannlífs í miðbænum.

### Umhverfisvænn ferðamáti

Verulega hefur skort á fræðslu um vistvænan ferðamáta og valkosti þar að lútandi fyrir borgarbúa. Draga þarf upp á yfirborðið þá valkosti sem borgarbúum bjóðast í þessum efnum og hvetja þá til aðgerða í þá átt. Lítil áhersla hefur verið lögð á vistvænan samgöngumáta hérlendis en nú er lagt til að gert verði átak í þeim málum.

#### Markmið:

Höfuðborgarbúar geri umhverfisvænan ferðamáta að lífsstíl.

#### Leiðir

- Umhverfissvið beiti sér í kynningu á umhverfisvænum ferðamáta sem heilsusamlegum og hagkvæmum valkosti.
- Hjólabrautir verði eflar og gerðar að sýnilegum valkosti til að komast á vinnustað.
- Hagrænum hvötum verði beitt til þess að efla umhverfisvænan ferðamáta, svo sem með hjólstyrkjum, afnámi bílastyrkja og gjaldtöku við stórar opinberar byggingar.



- Gert verður áttak í að kynna borgarbúum umhverfis- og efnahagsáhrif samgangna og fræðsla í vistvænum ferðamáta verði innleidd á öllum skólastigum.
- Samstarf verði haft um Lýðheilsustöð og aðra hagsmunaaðila um rannsóknir og kynningu á samspili umhverfisvæns ferðamáta og heilsufars.

### Samgöngur og mengun

Mengun vegna samgangna er vaxandi vandamál í Reykjavík sem í öðrum borgum jarðarkringlunnar. Hér er aðallega um að ræða loftmengun vegna útblásturs ökutækja sem knúin eru jarðefnaeldsneyti en við brennslu þess losna ýmis loftmengandi efni og gróðurhúsalofttegundir<sup>5, 6, 7</sup>.

Markmið:

Dregið verði úr mengun vegna samgangna

#### Leiðir

- Reykjavíkurborg sýni frumkvæði í að efla umhverfisvænan ferðamáta með kaupum á umhverfisvænni ökutækjum fyrir starfsemi sína.
- Áttak verði gert í að metanvæða almenningsvagna eða að nota aðra umhverfisvæna valkosti, t.d. rafmagn eða vetni.
- Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að gerðar verði kröfur um að ökutæki knúin af dísilolíu verði búin sérstökum sót- og svifrykssíum.

### Nagladekkjanotkun

Nagladekk eru ein af aðalorsökum svifryks í borginni. Notkun þeirra er nokkuð mikil en áætlað er að 60–67% bifreiða noti slík dekk á veturna eins og áður hefur komið fram. Víða erlendis hefur notkun nagladekkja verið takmörkuð verulega, t.d. í Noregi. Kostnaður vegna aukins viðhalds á gatnakerfi borgarinnar vegna notkunar á nagladekkjum er verulegur og er hann metinn á um 120 milljónir króna árlega.

Markmið:

Notkun nagladekkja í Reykjavík minnki um 50% næstu 5 árin.

#### Leiðir

- Farið verði út í sérstakt áttak til að minnka nagladekkjanotkun í borginni. Þetta verði unnið í samvinnu Umhverfissviðs og Framkvæmdasviðs ásamt hagsmunaaðilum, m.a. með frekari lagningu snjóbræðslukerfa í bröttum götum þar sem hætta er á hálkumyndun, ásamt markvissari snjóruðningi og hálkueyðingu á götum borgarinnar.

<sup>5</sup> Hjalti J. Guðmundsson (2003). Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2003 – samgöngur í brennidepli. Umhverfis- og heilbrigðisstofa UHR 09-2004-4.

<sup>6</sup> Upplýsingar sóttar af heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is) í ágúst 2005.

<sup>7</sup> Hjalti J. Guðmundsson (2005). Umhverfisvísar Reykjavíkur – samgöngur á landi og orkumál. Umhverfissvið UHR-11-2005-1.



- 
- Markvisst verði kynntir aðrir valkostir sem leysa nagladekk af hólmi, svo sem harðkornadekk og loftbóludekk.



## Umhverfi, lýðheilsa og velferð

### Stefna:

***Starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af samþættingu umhverfis, heilbrigðis og velferð íbúa.***

Tengsl umhverfis, lýðheilsu og velferðar eru mikil. Oftast nær eru lausnir í umhverfismálum samofnar bættri heilsu og velferð fólks. Hér má nefna ferðamáta þar sem akstur dregur úr hreyfingu en gönguferðir og hjóltreiddar bæta heilsufar og eru mun umhverfisvænni. Mikilvægt er að skapa umhverfi, jafnt inni sem úti, sem er laust við mengun og bætir þ.a.l. heilsu fólks, vellíðan og velferð. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að bætt lýðheilsa og betra umhverfi auka líkur á heilsusamlegra og hamingjuríkara mannlífi þar sem íbúarnir kunna að njóta augnabliksins.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 7. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um staðbundnar aðgerðaáætlanir til betri heilsu.

### Útivist

Fátt hefur jákvæðari áhrif á heilsufar og vellíðan fólks en góð útivist í fallegu umhverfi. Það er því hlutverk Reykjavíkurborgar að skapa þær aðstæður að fólk geti stundað útivist um alla borgina án þess að þurfa að aka langan veg. Mikilvægt er því að borgaryfirvöld tryggja gott aðgengi að útivistarsvæðum allt árið um kring.

#### Markmið:

Tryggt verði aðgengi allra borgarbúa að útivistarsvæðum innan eðlilegrar göngufjarlægðar frá heimilum.

#### Leiðir

- Markvisst verði unnið að því að allir borgarbúar hafi aðgang að útivistarsvæði innan eðlilegrar göngufjarlægðar.

### Innivist

Innivist er skilgreind sem það umhverfi sem er í kringum okkur innandyra. Oft hafa skapast miklar umræður um gæði innivistar, svo sem vegna „húsaóttar“, loftgæða, vinnuaðstöðu, hljóðmengunar og lýsingar. Tiltölulega litlar rannsóknir eru til á þessum þáttum hérlendis.

#### Markmið:

Borgin verði forystuafli í að leggja áherslu á nauðsyn heilnæms umhverfis innandyra, svonefndrar innivistar.



### Leiðir

- Rannsóknir á sviði innivistar og áhrifum hennar á vinnuumhverfi og vellíðan fólks verði stórefldar.

### Velferð og félagsauður

Stór þáttur í lýðheilsu er að tryggja samskipti manna á milli og auka þar með svonefndan félagsauð og efla velferð. Þessir þættir eru sérstaklega mikilvægir fyrir fólk sem er félagslega einangrað vegna heilsuþrests, aldurs eða annarra orsaka.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 7. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um félagslegan jöfnuð og öryggi.

#### Markmið:

Borgaryfirvöld verði í forystu í að tryggja möguleika allra til félagslegrar þátttöku og velferðar í Reykjavíkurborg.

### Leiðir

- Með sértækum aðgerðum verði rofin félagsleg einangrun ákveðinna þjóðfélagshópa, svo sem aldraðra, öryrkja og fólks af erlendum uppruna, t.d. með kynningu og bættu upplýsingaflæði þar sem fram koma möguleikar til útivistar og félagsstarfs.
- Bætt verði aðgengi aldraðra og fatlaðra að útivistarsvæðum, svo sem með upphituum göngustígum, og að byggingum og svæðum t.d. í Laugardal.
- Með kröftugu listalífi verður fólk hvatt til þess að koma „út úr kössunum“.
- Borgaryfirvöld móti sér heildstæða fjölskyldustefnu og séu í fararbroddi á því sviði.
- Kannaðir verði allir þættir þess að sameina staka frídaga, t.d. fimmtudagsfrídaga við helgarfrí.
- Borgaryfirvöld hvetji til sveiganlegri vinnutíma til þess að auka við tíma fólks með fjölskyldu og vinum.
- Viðurkenndur verði réttur og möguleikar allra til atvinnu.

### Heilsuefning

Bætt lýðheilsa felur m.a. í sér heilsuefningu þar sem borgarbúar stunda í auknum mæli útivist og líkamsrækt og neyta hollrar fæðu. Þetta fer einnig saman með lausnum í umhverfismálum þar sem t.d. hjólréiðar og göngur eru mengunarlausir og heilsuþætandi ferðamátar.

#### Markmið:

Heilsuefning sem lífsstíll verði leið til lausnar í mikilvægum umhverfismálum.

### Leiðir

- Aukin verði fræðsla um bættu heilsu samfara minni bílanotkun.
- Tryggingafélög verði hvött til þess að taka þátt í kostnaði við líkamsrækt.



- 
- Kynntur verði til sögunnar „lengri sólarhringur“ með bættu skipulagi, aukinni útivist og meiri fjölskyldutíma.
  - Borgaryfirvöld skoði möguleika á að taka aukinn þátt í kostnaði við íþróttastarf barna.
  - Átak verði gert í kynningu á heilsusamlegu fæði undir slagorðinu „Hvað fékkstu að borða og hvaðan kom það?“
  - „Hvað kostar þínar aðgerðir – í lífsgæðum, ekki bara krónum“. Farið verði af stað með verkefni í samstarfi við þar til bæra aðila um mat á lífsgæðum.



## Gæði umhverfisins

**Stefna:**  
**Reykjavík verði til fyrirmyndar á öllum sviðum sem tengjast gæðum umhverfisins.**

Mikið hefur áunnist í mengunarmálum borgarinnar undanfarin ár og áratugi. Fráveitumannvirki hafa verið byggð til þess að hreinsa skólþ borgarbúa með góðum árangri, gerðar eru meiri kröfur um mengunarvarnarábúnað fyrir mengandi starfsemi og meira tillit er tekið til mengunarvarna í uppbyggingu fyrirtækja. Reykvíkingar hafa aðgang að góðu drykkjarvatni en jarðvegsmengun í borgarlandinu hefur ekki verið athuguð kerfisbundið. Rannsóknir á þessum sviðum hafa þó aukist samfara uppbyggingu nýrra hverfa og endurnýjun svæða í borginni.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 3. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um sameiginlegar auðlindar.

### Umgengni

**Markmið:**  
Hrein borg með góðri umgengni íbúa, fyrirtækja og stofnana verði borgarbragur Reykjavíkur.

#### Leiðir

- Umgengni einstaklinga, fyrirtækja og stofnana verði til fyrirmyndar.
- Byggingum og öðrum mannvirkjum verði viðhaldið og þau höfð snyrtileg með reglulegu viðhaldi.
- Viðbragðsáætlanir verði til vegna sem flestra hugsanlegra mengunarslysa.
- Gert verði átak í bættri umgengni fólks í borginni.
- Förgun úrgangs frá dýrum, svo sem svínum, fuglum og hestum, verði stýrt í samráði við hagsmunaaðila.

### Jarðvegur

**Markmið**  
Jarðvegur í borgarlandinu verði laus við mengun

#### Leiðir

- Með markvissu fræðslu- og kynningarstarfi verði komið í veg fyrir frekari mengun jarðvegs.
- Mörkuð verði sérstök aðgerðaáætlun um förgun mengaðs jarðvegs þannig að komið verði í veg fyrir frekari hættu af hans völdum.



- Kerfisbundið verði unnið að því að hreinsa mengaðan jarðveg í Reykjavík, svo sem vegna olíumengunar.
- Leita verði leiða til að flytja olíubirgðastöðvar úr þéttbýli.
- Fyrirtæki, sem vinna með hættuleg efni, verði flutt í jaðarbyggð borgarinnar.
- Unnið verði með fyrirtækjum á sviði jarðefnavinnslu, svo sem steypustöðvum og malarvinnslufyrirtækjum, í að útvega þeim viðunandi aðstöðu í jaðri borgarinnar.

### Loftgæði

Markmið:

Loftgæði í Reykjavík verði þau bestu sem þekkist í borgum heimsins.

#### Leiðir

- Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda, svo sem með hvetjandi aðgerðum í samgöngumálum og metnaðarfullum kröfum um umhverfisstjórnun mengandi fyrirtækja í borginni.
- Kerfisbundið verði haldið áfram að vinna að bættri orkunýtingu og áherslu á vistvæna orkugjafa með t.d. nýtingu vetnis og metans á ökutæki.
- Áfram verði dregið úr hávaðamengun og unnið að bættri hljóðvist í íbúðahverfum, t.d. með styrkveitingum.

### Vatnsgæði

Markmið:

Tryggð verði hámarksgæði á öllum sviðum í vatnsbúskap Reykjavíkurborgar.

- Lokið verði framkvæmdum við aðskilnað ofanvatnslagna og skólplagna í Reykjavíkurborg.
- Gætt verði ítrustu varúðar í allri umgengni um vatnsból Reykjavíkurborgar.



## Náttúruvernd og útivist

### Stefna:

**Reykjavík standi vörð um náttúrusvæði í borginni og stuðli að góðu aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum.**

Í Reykjavík eru mörg af fallestu útivistarsvæðum landsins. Má þar nefna sælureiti eins og Elliðaárdal, Laugardal, Fossvogsdal, Viðey og Heiðmörk. Jafnframt eru opin græn svæði innan borgarmarkanna, svo sem Grundargerðisgarðurinn, Miklatún og Hjómuskálagarðurinn. Eitt helsta vandamál margra útivistarsvæða, sérstaklega innan borgarmarkanna, er vaxandi hljóðmengun. Nýting útivistarsvæða er mikil samkvæmt könnunum, t.d. frá vorinu 1999, og má segja að þar hafi orðið ákveðin lífsstílsbreyting meðal borgarbúa.<sup>8</sup> Einnig eru mörg náttúrusvæði í borginni. Þar má nefna Háubakka, Fossvogsbakka og Laugarnes. Þessi svæði eru borgarbúum mikilvæg og nauðsynlegt að tryggja þeim verðugan sess í framtíðarskipulagi borgarinnar.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 3. og 5. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjalla um sameiginlegar auðlindir og skipulagsmál.

### Markmið:

Útivistarsvæði borgarinnar verði aðgengileg og fjölbreytt þannig að borgarbúar geti notið margvíslegrar útivistar allt árið.

### Leiðir

- Útivistarsvæði verði aðgreind (t.d. með hljóðmönnum, glerskermum, trjágróðri o.fl.) með tryggjum hætti frá umferðaræðum til að minnka hávaðamengun og auka öryggi svæðanna.
- Lýsing verði bætt á útivistarsvæðum borgarinnar, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.
- Farið verði út í tilraunaverkefni með hönnun á vindskýlum við göngustíga og könnuð áhrif þeirra umhverfið.
- Auka þarf rannsóknir á útivistarsvæðum og náttúrufari til þess að tryggja að frekari uppbygging þeirra byggist á vísindalegum upplýsingum.
- Vandlega þarf að huga að sérstöðu nýrra útivistarsvæða, t.d. við Úlfarsfell, Leirvogsa og í Esjuhlíðum.
- Umgengni um útivistarsvæði borgarinnar verði bætt, svo sem með því að auðvelda útivistarfólki að losna við úrgang.
- Útivistarsvæðin verði meira nýtt til fræðslu- og skólastarfs með áherslu á að vinna með náttúrunni.
- Athugaðir verði möguleikar á því að gera útivistarsvæðin fjölbreyttari og sérhæfðari, t.d. með því að nýta ákveðin svæði sem leikjagarða.

<sup>8</sup> Þórunn Halldórsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns og Hrefna Guðmundsdóttir 1999. Viðhorf Reykvíkinga til umhverfismála. Könnun í mars 1999. Félagsvísindastofnun. 46 bls.



- Aukið verði samráð við frjáls félagasamtök um aðkomu þeirra að nýtingu útivistarsvæða.
- Umferð almenningsvagna að helstu útivistarsvæðum verði bættar, svo sem í Heiðmörk og Rauðavatnsskóg.
- Tryggt verði aðgengi almennings að Viðey og séð til þess að viðunandi veitingaaðstaða verði í eygni fyrir gesti hennar.
- Í öllum hverfum borgarinnar verði skilgreind útivistarsvæði, eins konar sælureitir borgarbúa, þar sem hljóð- og loftmengun er í lágmarki.
- Hugað verði að þeim möguleika að gera Miklatún að sælureit með trjágróðri og fjölbreyttum möguleikum til útivistar og hvíldar.
- Tryggja þarf sátt milli náttúruverndar og útivistar með fræðslu og góðu skipulagi og aðgengi að slíkum svæðum.
- Kynntir verði möguleikar á því að minnka/hætta notkun eiturefna utandyra í garðyrkju.
- Reykjavíkurborg beiti sér gegn frekari skerðingu náttúrulegra svæða í borgarlandinu og vinni jafnframt að friðun verðmætra náttúrusvæða í framtíðinni.



## Neysla og úrgangur

### Stefna:

**Reykjavík verði til fyrirmyndar í því að draga úr myndun úrgangs og stuðla enn frekar að endurvinnslu og endurnýtingu sorps.**

Úrgangsmál eru eitt af stærstu umhverfismálum samtímans. Í Reykjavík er sá hluti úrgangs urðaður sem ekki er enduruninn eða endurnýttur. Um 30% af þeim úrgangi sem fellur til eru enduruninn eða endurnýtt en um 70% eru varanlega urðuð í Álfnesi.<sup>9</sup> Verulegur árangur hefur náðst með skilagjaldi á umbúðir undir drykkjarvörur og þar eru nú um 85% innskil.<sup>10</sup> Úrgangur skapast af neysluvenjum og þess vegna er nauðsynlegt að huga að neyslumálum í heild ef árangur á að nást. Með því að hvetja til breyttrar hegðunar fólks og fyrirtækja, t.d. með því að draga úr magni umbúða við framleiðslu, má minnka úrgangsmagnið við upprunastað og fá þannig heilsteypa hringrás framleiðslu, neyslu og förgunar vöru. Hringrásin endurspeglar líftíma vörunnar en hann þarf að lengja og nýta hvert þrep betur.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 4. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um ábyrga neyslu og val á lífsstíl.

### Markmið:

Kerfisbundið verði unnið að minnkun neyslu og úrgangs frá stofnunum, fyrirtækjum og íbúum borgarinnar.

### Leiðir

- Reykjavíkurborg sýni fordæmi og verði til fyrirmyndar á öllum sviðum umhverfismála, svo sem hvað varðar meðhöndlun úrgangs, snyrtimennsku, endurnýtingu og endurvinnslu og vistvæn innkaup.
- Efla þarf lykiltölugreiningu í úrgangsmálum og kynna þau viðmið sem stefnt er að, t.d. í endurvinnslu eða endurnýtingu umbúðaúrgangs.
- Reykjavíkurborg geri átak í því að kynna endurunnar vörur og þá möguleika sem fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar eiga til þess að nýta sér þær.
- Kerfisbundið verði unnið að minni pappírspotkun með áherslu á notkun rafrænna miðla.
- Kannaðir verði möguleikar á að bæta neysluvitund borgarbúa með kynningu á líftíma vöru og þjónustu.
- Fyrirtæki í úrvinnsluiðnaði verði hvött til að nýta það hráefni sem til fellur, t.d. við niðurrif bygginga.
- Reykjavíkurborg hvetji fyrirtæki og stofnanir til þess að hanna mannvirki og ástunda vöruþróun með umhverfissjónarmið í huga.

<sup>9</sup> Sjá ársskýrslur SORPU bs.

<sup>10</sup> Sjá [www.efnamottakan.is](http://www.efnamottakan.is)



- Reykjavíkurborg skapi hvata til aukinnar nýtingar á sláturúrgangi og öðrum úrgangi sem til fellur við matvælaframleiðslu og hægt er að endurnýta eða endurvinna.
- Hagrænum hvötum verði beitt til að auka flokkun úrgangs.
- Kannaðir verði möguleikar á að beita sektum fyrir sóðaskap, svo sem fyrir að henda rusli á götur og á víðavangi.
- Hægt verði að nýta samfélagsþjónustu í þágu umhverfisstarfs sem afplánunarleið í refsimálum.



## Landnotkun og byggingar framtíðarinnar

### Stefna:

**Skipulag og hönnun mannvirkja endurspegli skapandi hugsun og virðingu fyrir íslenskum sérkennum og sögu.**

Skipulag lands og hönnun bygginga er eitt af mikilvægustu umhverfismálum líðandi stundar. Skynsamleg nýting, t.d. með þéttingu og blöndun byggðar á landi, getur haft jákvæð áhrif á aðra þætti samfélagsins, t.d. með minni þörf á dýrum samgöngumannvirkjum. Ef reisa á byggingar á skipulögðu landi er ekki síst mikilvægt að vel takist til um hönnun þeirra og efnisnotkun. Þar er hægt að ná verulegri hagræðingu í líftímakostnaði byggingarinnar og sparnaði í auðlindanotkun.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 6. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um skipulags- og hönnunarmál.

### Markmið:

Land og auðlindir verði nýttar með hagkvæmum hætti, í sátt við mannlíf og umhverfi.

### Leiðir

- Áfram verði lögð áhersla á þéttingu og blöndun byggðar í eldri íbúahverfum.
- Áhersla verði lögð á meiri blöndun atvinnu- og íbúðabyggðar í skipulagi nýrra hverfa.
- Mótun byggðar taki mið af sérstöðu lands og íbúa, t.d. varðandi lága sólstöðu, útsýni og veðurfar.
- Saga borgarinnar verði virt og varfærni verði gætt í umgengni og skipulagi við eldri byggingar.
- Áfram verði lögð áhersla á græn og skjólsæl svæði í borginni.
- Umhverfismat verði gert á öllum skipulagstillögum.
- Byggingarlist, svo sem íslenskur arkitektúr, verði skapandi og virt sem slík.
- Í skipulagi verði lögð áhersla á að aðstaða fyrir íbúa verði ofanjarðar en samgöngumannvirki verði í ríkari mæli sett í göng eða stokka, sérstaklega þar sem um er að ræða stofnbrautir í þéttri byggð.
- Reglulega verði gerðar rannsóknir á líðan íbúa og borgarbrag.
- Vægi bílastæða minnki sem hlutfall af heildarsvæði byggðs lands í borginni og þau svæði, sem þannig losna, verði nýtt á hagkvæmari hátt.
- Við hönnun bygginga og val á byggingarefnum á vegum borgarinnar verði tekið tillit til umhverfisþátta og hagrænna þátta. Jafnframt verði einkaaðilar hvattir til að gera slíkt hið sama.
- Við framtíðaruppbyggingu samgöngumannvirkja í miðborginni verði lagning göngugatna höfð að leiðarljósi þar sem því verður við komið.



## Grænt bókhald og umhverfisstjórnun

**Stefna:**  
**Reykjavíkurborg og fyrirtæki í borginni verði fyrirmynd í notkun umhverfisstjórnunartækja í alþjóðlegum samanburði.**

Í árslok 2004 voru um 2% allra starfa í Reykjavíkurborg með einhvers konar umhverfisstjórnun. <sup>11</sup> Þetta eru stofnanir og fyrirtæki með vottun frá Norræna svánum, Grænfánum eða ISO 14 001 en einnig hafa fyrirtæki fengið umhverfisverðlaun Reykjavíkurborgar sem ekki fela í sér formlega vottun. Nokkur munur er á milli þessara kerfa en í raun lúta þau öll sömu lögmálum, að gera starfsemi viðkomandi fyrirtækis umhverfisvænni. Norræni svánum hefur verið vinsælasta umhverfisstjórnunin á Íslandi hingað til en með vaxandi kröfum og aukinni samkeppni er ljóst að bæði fyrirtæki og stofnanir munu leitast eftir vottun samkvæmt ISO-staðlinum.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 8. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um öflugt og sjálfbært efnahagslíf.

**Markmið:**  
Fyrirtæki og stofnanir í Reykjavík, sem standa sig vel í umhverfisstarfi, njóti þess á hagrænan hátt ekki síður en í bættu umhverfi.

### Leiðir

- Umhverfisviðmið geri fyrirtækjum og stofnunum auðvelt fyrir að meta stöðu sína miðað við sambærilega aðila jafnt hérlendis sem erlendis.
- Stofnanir Reykjavíkurborgar taki upp umhverfisstjórnunarkerfi.
- Reykjavíkurborg komi á upplýsingagátt, t.d. um upprunavottorð vara.
- Í útböðum borgarinnar verði sett inn kröfur varðandi umhverfismál.
- Stofnanir og fyrirtæki borgarinnar taki upp grænt bókhald samhliða því að umhverfismarkmið öðlist fastan sess í skorkorti borgarinnar.
- Fyrirtækjum og stofnunum verði gert auðvelt að stíga fyrstu skrefin í umhverfisstarfi, svo sem með aðgengi að einföldu umhverfisstjórnunarkerfi.
- Árangur Reykjavíkurborgar í umhverfismálum verði markvisst kynntur í fjölmiðlum til að vera öðrum hvatning til góðra verka.
- Kynna þarf þá hagræðingu og sparnað sem hægt er ná með upptöku umhverfisstjórnunarkerfa.
- Reykjavíkurborg hvetji fyrirtæki til þess að taka upp vottað umhverfisstjórnunarkerfi til þess m.a. að tryggja rétta meðhöndlun í frárennismálum.

<sup>11</sup> Nordiske Storbyers Miljøindikatorer 2005. Avfall, inköp av ekologiska livsmedel och miljöcertifierade organisationer. Skýrsla úr samstarfi norrænna stórborga.



## Hverfið mitt – íbúalýðræði

### Stefna:

**Borgarbúar verði virkir þátttakendur í umhverfismálum og mótun borgarinnar.**

Ein af meginforsendum við kynningu og framkvæmd umhverfismála er nálægð við borgarbúa. Hverfa- og íbúalýðræði er í raun grundvöllurinn fyrir góðu umhverfisstarfi í borgum enda eru í flestum tilfellum teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á nánasta umhverfi íbúanna. Það er því mikilvægt að íbúarnir, t.d. í hverfum borgarinnar, geti haft áhrif á ákvarðanirnar. Auk heldur búa íbúarnir yfir hugmyndum og reynslu sem ekki er endilega fyrir hendi í stjórnkerfinu og þannig geta borgaryfirvöld virkjað og nýtt þann fjársjóð sem býr í fólkinu.

Eftirfarandi markmið og leiðir að þeim eru í anda 1. liðar Álaborgarskuldbindinganna sem fjallar um stjórnun sveitarfélaga.

### Markmið:

Aukið íbúalýðræði efli jafnræði og jafnrétti allra borgarbúa til að hafa áhrif á umhverfi sitt einkum í því hverfi sem menn búa í.

### Leiðir

- Í kjölfar samráðs við íbúa verði búnir til sáttmálar fyrir hvert hverfi borgarinnar. Hver sáttmáli tekur til allra þátta sem skipta íbúa hverfisins máli, þ.m.t. umfjöllun um umhverfismál og reglulega samráðsfundi þar sem teknir eru fyrir hverfislegir þættir.
- Í öllum hverfum verði til öflug íbúasamtök sem efli samkennd íbúa með tengingu frjálsra félagasamtaka, íþróttafélaga og foreldrastarfs.
- Sem liður í að efla samkennd í einstökum hverfum verði komið á umræðuvettvangi, „heitum potti“, þar sem helstu mál hverfisins eru reifuð.
- Teknar verði upp rafrænar kosningar um stærri mál sem varða borgarbúa, auk þess sem rafrænar skoðanakannanir verði nýttar til að kanna hug íbúa einstakra hverfa til mála tengdum þeim.
- Íbúalýðræði verði notað til þess að ná til fjölbreytts hóps borgarbúa.



## Umhverfismennt

### Stefna:

**Reykjavíkurborg stuðli að fræðslu um umhverfismál á aðgengilegan hátt fyrir íbúana.**

Í umhverfismálum samtímans er fræðsla nauðsynleg. Mennta verður börn jafnt sem fullorðna um markmið og tilgang umhverfisstarfs vegna þess að uppspretta margra brýnna verkefna í umhverfismálum eru einstaklingarnir sjálfir. Fyrir hendi eru nú þegar verkefni á sviði umhverfismála sem beinast að hegðun og má þar nefna Vistvernd í verki og Lesið í skóginn. Þessi verkefni hafa í flestum tilfellum breytt hugsunarhætti og jafnvel hegðun og þannig fengið fólk til að taka upp umhverfisvænni lífsstíl.

### Markmið:

Umhverfismennt verði órjúfanlegur þáttur í kennslu á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.

### Leiðir

- Vinnuskóli Reykjavíkur verði nýttur betur til að kynna umhverfismál og náttúru borgarinnar.
- Kannaðir verði möguleikar á að ráða landverði til útivistarsvæða Reykjavíkur.
- Áfram verði stutt við verkefni á borð við Vistvernd í verki og Grænfánann til að virkja einstaklinga, heimili og skóla í umhverfismálum.
- Átak verði gert í því að efla umhverfismennt á öllum skólastigum, þ.m.t. í endurmenntun og í fullorðinsfræðslu.
- Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, í samvinnu við hagsmunaaðila, sjái til þess að tekin verði upp virk umhverfisfræðsla til fyrirtækja, svo sem með því að útbúa fræðsluefni.
- Umsjónarmenn skóla fái reglulega kynningu á umhverfismálum.
- Verkfræðingar og arkitektar fái sérstaka fræðslu um umhverfismál til þess að benda þeim á möguleika í hönnun mannvirkja sem minnkað getur umhverfissóun.



## Niðurlag

Í þessari stefnumótun til sjálfbærs samfélags í Reykjavík koma fram 9 meginstefnumið í jafnmörgum málaflokkum. Meginstefnumiðin hafa 23 meginmarkmið. Leiðir að meginmarkmiðum eru um 130 og alls eru tilgreindar 107 aðgerðir eða tillögur að verkefnum sem ætlaðar eru til þess að uppfylla meginmarkmiðin.

Gert er ráð fyrir að verkefnum, sem hér falla undir, verði lokið eða þau komin vel af stað árið 2015 eða innan 9 ára frá útgáfu stefnumótunarinnar. Hverja áætlun þarf að samþykkja í viðkomandi fagráði borgarinnar og skilgreina í starfs- og fjárhagsáætlunum viðkomandi fagsviða borgarinnar. Undanfarin ár hafa verið þróaðir umhverfisvísar fyrir Reykjavíkurborg. Nú þegar er búið að þróa 15 slíka vísa en gera má ráð fyrir að í nánustu framtíð verði fleiri umhverfisvísar þróaðir til þess að fylgjast með framgangi þessarar stefnumótunar eða núverandi umhverfisvísar þróaðir áfram í sama tilgangi. Með þessum hætti verður hægt að fylgjast grannt með því hvernig gengur að uppfylla öll þau fjölmörgu og krefjandi verkefni sem hér eru sett fram og þannig stuðla að því að Reykjavíkurborg sé nær því háleita takmarki að verða sjálfbært samfélag.